

Matvælaráðuneytið

Fundargerð

Boðandi: Hjalti Jón Guðmundsson
Dags: 15.07.2022
Boðaðir: Kolbeinn Óttarsson Proppé, Þorgils Torfi Jónsson, Valgerður Sigurðardóttir, Hildur Hauksdóttir
Fundarmenn: Kolbeinn Óttarsson Proppé, Þorgils Torfi Jónsson, Valgerður Sigurðardóttir, Sigurgeir Bárðason
Fjarverandi: Hildur Hauksdóttir
Bréfalykill: 02.02.03 Lögskipaðar nefndir, stjórnir og ráð - Fiskeldi
Málsnúmer: MAR22030127

Efni: 3. fundur Umhverfissjóður sjókvíaldis - stjórn 2022-2026

Frásögn af fundi

Dagskrá fundar:

- Samþykkt fundargerðar síðasta fundar
- Afgreiðsla styrkumsókna
- Önnur mál

1. Samþykkt fundargerðar síðasta fundar

Athugasemd var gerð við fundargerð síðasta fundar. Stjórnarmenn voru sammála um að á síðasta fundi hafi starfsmanni stjórnar verið falið að ræða við Gísla Jónsson, yfirdýralækni Matvælastofunar, og óska eftir álitum hans á umsóknum um lúsaverkefni. Að öðru leyti var fundargerð síðasta fundar samþykkt.

2. Afgreiðsla styrkumsókna

Stjórnarmenn fóru yfir einstaka umsóknir lið fyrir lið og ræddu mögulega styrkveitingu. Að endingu var stjórn sammála um að biða eftir niðurstöðum Gísla Jónssonar áður en frekari ákvarðanir um styrkveitingu yrðu teknar.

3. Önnur mál

Umræður voru um hvort og hvernig birta skuli loka-/framvinduskýrslur verkefna. Stjórn ræddi þann möguleika að allar skýrslur yrðu birtar í framtíðinni en tók enga ákvörðun um málið að svo stöddu.

Niðurstaða og ákvarðanir

Starfsmanni sjóðsins var falið að senda Gísla Jónssyni bréf og óska eftir álitum hans um lúsaverkefni tvö. Að ósk stjórnar var starfsmanni sjóðsins borið að tiltaka í bréfinu hvaða lögbundnu sjónarmið Gísli skuli líta til við mat sitt, hvað útskýri mismun á fjárhæð styrkumsókna og hver þörfin sé á verkefnum.

Tilvísun í málsnúmer og fylgiskjöl

